



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

VIÐRÆÐUR VIÐ FORSÆTISRÁÐHERRA KÍNA
OG ÍSLENSKT-KÍNVERSKT VIÐSKIPTAÞING

Fyrsti viðkomustaður forseta Íslands miðvikudaginn 18. maí var háskólinn í Beijing. Rektor háskólans tók á móti forseta og fylgdarliði, m.a. Sigríði Önnu Þórðardóttur umhverfísráðherra, Hjálmari H. Ragnarssyni rektor Listaháskólans og Gylfa Magnússyni forseta viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands, og kynnti starfsemi háskólans. Beijing háskóli þykir vera í fremstu röð menntastofnana í Asíu. Þar stunda tæplega 40 þúsund nemendur nám og meðal þeirra eru þrjár íslenskar stúlkur sem forseti hitti við komuna til skólans. Forseti flutti síðan fyrirlestur og svaraði fjölmörgum spurningum nemenda í kjölfarið.

Frá Beijing háskóla var haldið á viðskiptastefnu sem Útflutningsráð skipulagði í samvinnu við Sendiráð Íslands í Kína og skrifstofu forseta. Á stefnunni flutti forseti fyrirlestur ásamt varaformanni CCPIT (Viðskiptaráð Kína), formanni evrópska verslunarráðsins í Kína og Vali Valssyni stjórnarformanni Útflutningsráðs. Þá fluttu jafnframt ávörp á viðskiptastefnunni, sem stóð allan daginn, forstjórar BASF, Microsoft og Forti bankans auk fulltrúa fjölmargra kínverskra fyrirtækja. Mikil ánægja ríkti í röðum íslenskra viðskiptamanna með viðskiptaþingið en alls sóttu það hátt í fimm hundruð fulltrúar fjölmargra fyrirtækja.

Í hádeginu skrifaði Guðmundur Þóroddsson fyrir hönd Orkuveitu Reykjavíkur, Bjarni Ármannsson fyrir hönd Íslandsbanka og Ásgeir Magnússon fyrir hönd Enex undir samning við dótturfyrirtæki Sinopec, eins helsta olíufyrirtækis Kína og fjárfestingafélag í eigu Xianyang borgar. Samningurinn felur í sér að aðilar muni saman stofna fyrirtæki sem ætlað er að þróa stærstu hitaveitu í veröldinni í borginni Xianyang. Íslensku aðilarnir munu fara í sameiningu með meirihluta í hinu nýja félagi. Viðstaddir undirritun voru auk forseta Íslands Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfísráðherra, umhverfísráðherra Kína, Alfreð

Þorsteinsson stjórnarformaður Orkuveitunnar og borgarstjóri Xianyang. Jafnframt skrifaði Hannes Smárason fyrir hönd FL Group og forstjóri Air China undir samning sem felur í sér að Air China mun leigja í átta ár fimm flugvélar FL Group.

Síðdegis lá leið forsetahjóna fyrst í Forboðnu borgina en síðan hélt forseti ásamt fylgdarliði til fundar við Wang Zhaoguo varaformann forsætisnefndar kínverska þjóðþingsins (NPC) en forsetafrú heimsótti Guang'anmen sjúkrahúsið sem sérhæfir sig í sígildum kínverskum lækningaaðferðum svo sem nálastungu.

Á fundi forseta og Wang Zhaoguo kom fram ítrekun á hve mikilvæg samskiptin við Íslendinga væru og að Kínverjar væntu mikils af þeim fjölmörgu viðskiptasamningum sem undirritaður hefðu verið í ferðinni. Jafnframt minntist Wang Zhaoguo heimsóknar sinnar til Íslands og viðræðna sem hann hefði þá átt við forseta Íslands, forseta Alþingis og fleiri ráðamenn. Hann taldi og heimsókn forsætisnefndar Alþingis fyrir á þessu ári hafa staðfest góða samvinnu þjóðþinganna og nefndi jafnframt að samstarf þinganna gæti einnig falist í viðræðum íslenskra og kínverskra þingnefnda. Forseti Íslands minnti m.a. á að þjóðþing væru grundvallarstofnanir í lýðræðiskerfi ríkja og mikilvægt væri að styrkja stöðu þeirra í þróun lýðræðis og mannréttinda.

Í kjölfarið átti forseti fund með Wen Jiabao forsætisráðherra Kína. Forsætisráðherra Kína vitnaði í upphafi til Hávamála um gildi vináttu og gjafmildi og forseti Íslands vitnaði af bragði til boðskapar hinna fornu kvæða um að auðlegð væri hverful en orðstír eilífur. Það væri mikilvægt fyrir ráðamenn og ríki að hafa þann boðskap að leiðarljósi.

Forsætisráðherra Kína rakti fjölmörg atriði sem mikilvæg væru í samstarfi ríkjanna á næstu árum, s.s. jarðhitaverkefni sem hann fjallaði um af mikilli þekkingu enda menntaður í jarðfræði og hefur frá námsárum sínum alltaf haft mikinn áhuga á jarðfræði Íslands. Forsætisráðherrann áréttaði að Kínverjar hefðu ákveðið að Ísland yrði fyrsta ríkið í Evrópu sem næði fríverslunarsamningi við Kína. Þá ræddu forseti og forsætisráðherra um þá mörgu samninga sem íslensk fyrirtæki ganga frá í heimsókninni og þakkaði forsetinn kínverskum stjórnvöldum fyrir margvíslegt liðsinni við þessa samningagerð. Benti forsetinn á að samstarf við íslensk fyrirtæki á mörgum sviðum gæti styrkt mjög markaðsstöðu kínverskra samstarfsaðila þeirra, jafnt í Evrópu sem Bandaríkjunum. Þá væri kappsmál að styrkja samstarf á sviði vísinda og áhugi íslenskra háskóla á samningum við kínverska háskóla og samningurinn um jarðskjálftaefirlit sem umhverfisráðherra undirritaði

væru vitnisburður um þá möguleika sem víða mætti finna á þessum vettvangi.

Um kvöldið sóttu forsetahjónin móttöku Útflutningsráðs og Eiðs Guðnasonar sendiherra fyrir íslensku viðskiptasendinefndina og kínverska samstarfsaðila þeirra. Þar kom fram mikil ánægja með þann árangur sem þegar hefði náðst í þessari opinberu heimsókn.

Hjálmar H. Ragnarsson rektor Listaháskólans heimsótti í gær Central Academy of Fine Arts sem er myndlistar-, hönnunar- og arkitektaskóli og talinn fremstur á sínu sviði í Kína. Fram kom mikill áhugi á samstarfi við Listaháskólann á þessum vettvangi.

Að morgni fimmtudagsins 19. maí héldu forsetahjónin ásamt fylgdarliði og viðskiptasendinefnd til Shanghai þar sem þeirra bíður viðamikil dagskrá.

19. maí 2005